

54 skal hann þá taka nýtt leyfisbrjef», o. s. frv. eigi aðeins við það venjulega tilfelli, að leyfisbrjef hafi verið tekið hjá lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, þar sem blutadeigandi ætlaði að nota það, og síðan hefur notað það enda eru og í tilskipuninni engin ákvæði um það, hvenær á árinu leyfisbrjefið skuli tekið. Aftur á móti virðast ákvæðin ekki geta átt við þau tilfelli, þegar menn vegna ákvæðisins í lögum 2. febr. f. á. um, að leyfisbrjefið skuli tekið fyrir 1. maí verða að leysa leyfisbrjef annarsstaðar en þar, sem menn ætla sjer að nota leyfið, því að eptir hlutarins eðli verður leyfisbrjefið að hafa eitthvert gildi, þegar það er útgæfið lögum samkvæmt. Fyrirspurn yðar svarast því þannig, að þegar maður, sem fengið hefur lausamenskuleyfi, þegar á fyrsta vinnuhjúaskildaga eptir að hann fjekk leyfið flytur sig í annað lögsagnarumdæmi, án þess að nota leyfið þar sem hann fjekk það, þá þurfi hann ekki að leysa nýtt brjef samkvæmt ákvæðunum í tilskipun 26. maí 1863 § 7 í því lögsagnarumdæmi sem hann flytur sig í.

Auglýsing.

55 Með því að 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórarinn prófastur Böðvarsson, er látinn 7. þ. m., þá er hjer með samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877 fyrirskipað, að kosning skuli fram fara um miðjan júním. næstkomandi á þingmanni fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir þann tíma, sem hinn látni þingmaður átti eptir af kjörtíma sínum.

Þetta er hjer með birt öllum hlutadeigendum, og er jafnframt lagt fyrir kjörstjórnina í Gullbringu og Kjósarsýslu að undirbúa kosningu þessa og stjórna henni samkvæmt fyrirætlum kosningarlaganna.

Reykjavík 10. maí 1895.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Yfirskattanefndir.

Með brjefi landshöfðingja, dags. 21. marz, eru eptirnefndir menn skipaðir í *yfirskattanefnd fyrir Akureyrarkaupstað* um næstu 3 ár.

verzlunarstjóri Halldór Gunnlögsson

prentari Björn Jónsson

umboðsmaður St. Stephensen

og til vara

söðlasmiður Jakob Gíslason

og með brjefi landshöfðingja, dags. s. d. voru skipaðir í *yfirskattanefnd fyrir Seyðisfjarðarkaupstað*:

Lyfsali H. I. Ernst

kaupmaður Kristján Hallgrímsson

— Snorri Wium

og til vara

kennari Lárus Tómasson.